

Ed.

403. Nefndarálit

[35. mál]

um frv. til laga um bátaábyrgðarfélög.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað og rætt þetta frv., en ekki orðið sammála. Við undirritaðir teljum, að málið þurfi nánari athugunar í því skyni að tryggja bátaútvegnum hagkvæmustu tryggingarskilmála, sem kostur er.

Frv. felur í sér þrjár meginbreytingar frá gildandi lögum:

1. að skyldutryggingin hjá bátaábyrgðarfélögunum nái til skipa allt að 400 rúml. í stað 100 rúml. nú,
2. að bátaábyrgðarfélögin geti tekið að sér fleiri tegundir trygginga en nú, og
3. að vátryggingarskilmálar verði ákveðnir með reglugerð, en ekki lögum.

Gegn fyrsta atriðinu bárust mjög almenn mótmæli frá eigendum skipa milli 100 og 400 rúml. Töldu þeir það mikið hagsmunamál fyrir sinn rekstur að hafa fullt frelsi til að leita hagkvæmustu trygginga. Á þetta sjónarmið féllst meiri hluti nefndarinnar og hefur flutt brtt. um að færa stærðarmörkin aftur í 100 rúml. Við fáum ekki komið auga á nægileg rök fyrir því, að eigendur hinna minni skipa fái ekki að njóta sama frelsis. Með því móti teljum við líklegast, að hægt sé að lækka verulega kostnaðinn við tryggingar bátaflotans. Bátaábyrgðarfélögin gætu eftir sem áður gegnt veigamiklu hlutverki sem frjáls samtök þeirra útvegsmanna, sem vilja hafa samtök um að bjóða tryggingar sínar út í félagi eða koma á annan hátt sameiginlega fram á tryggingarmarkaðnum.

Í trausti þess, að ný athugun verði látin fara fram á málinu með þessi sjónarmið fyrir augum, leggjum við til, að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 7. apríl 1967.

Helgi Bergs, Ólafur Jóhannesson.
frsm.